„Fjölbýlishúsin á Norðurbakka minna á skipin sem lágu við festar í Hafnarfjarðarhöfn undir lok síðustu aldar, bæði hvað varðar efnisval og form," segir í rökstuðningi dómnefndar. „Byggingarnar teygja sig til sjávar eins og tvö skip sem leggja við Hafnarfjarðarbruggju," segir Ferdinand hjá PKdM og segir húsinn óð til sjávar.


Björn bruggar áfengi úr ávöxtum úr matargámum og vinnur gegn matarsóun.



Bækur Angústúru útgáfu, hönnun Snæfríð Þorsteins og Hildigunnar.



Um helgina



Ljód muna ferð
Ljód muna ferð er úrval ljóða Sigurðar Pálssonar með formála eftir Kristján Þór Hrafsson og eftirmála Ragnars Helga Ólafssonar. Bók sem mun gleðja aðdáendur þessa góða skálds.

The Other Side of the Wind á Netflix

Árið 1970 hóf Orson Welles vinnu sína við kvikmyndina „The Other Side of the Wind", háðsádeili um leikstjóra sem er að eldast og vill endurlífga ferilinn sinn í Hollywood. Tökur og vinnsla á myndinni gengu einstaklega illa. Tökum lauk ekki fyrir en árið 1976 og þá var vinnslu myndarinnar hreinlega hætt þar til Netflix tók við filmunum og setti verkið saman.



Gefið til góðgerðarmála

Jólin nálgast og hjálparamtök sem aðstoða bágstaða fyrir hátíðarnar eru að skipuleggja starf sitt. Nú er tíminn til að láta eitt-hvað af hendi rakna.

Landsliðsréttir Guggu á Instagram

Landsliðskonan geðþekka Guðbjörg Gunnarsdóttir hugsar vel um heilsuna og borðar heilsusamlegt og næringarríkt fæði. Á Instagram-reikningi sínum, Landsliðsréttir Guggu, er hún dugleg við að deila uppskriftum og myndum af kvöldmat, hádegismat, brauði og nesti sem hún tekur með sér á ferðalögum þegar aðgengi að hollum mat er minna.



Jóga

Heimir Guðjónsson, þjálfari Færeyjameistaranna HB í Þórshöfn, þakkar jóga-íðkun leikmanna því að þeir komust í gegnum leiktilabilið nær meislalaust.

Lýsum upp skammdegið!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTISERÍUM



20% AFSLÁTTUR
AF SÍGRÆNUM
PLÖNTUM OG
ÚTIPOTTUM



TILBOÐ
3 X CALLUNUR
1.290kr

Glæsilegt úrval
af pottaplöntum





50% AFSLÁTTUR
AF HAUSTLAUKUM





GARÐHEIMAR



Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is





Hverju myndir þú mæla með við Hollywoodstjörnu?




Hvað ætti að færa erlendum þjóðhöfðingja?





Vita Frakkar af niðursoðnum grænum baunum?







Hvað myndir þú gefa langbesta vini þínum í útlöndum?



Hvað finnst þér að allir útlendingar verði að smakka?



ÍSL=ENSKT
gjörð svo vel



Hvaða íslensku vöru mælir þú með?

Taktu þátt í vali á þeim vörum sem gestir mega ekki láta framhjá sér fara. Farðu inn á gjoridsvoel.is og búðu til lista af þeim vörum sem þú myndir mæla með. Allir sem deila lista geta unnið veglega vinninga af gnægtarborði íslenskrar hönnunar og iðnaðar.

ALVEG NÝR FORD FOCUS

FRUMSÝNING Í DAG 12-16
REYKJAVÍK OG AKUREYRI



MARKAR NÝJA TÍMA!

Nýr Ford Focus markar nýja tíma hvað varðar tækni, þægindi, innra rými og akstursupplifun í sínum flokki fólksbíla. Hann hefur fengið frábæra dóma um allan heim.

Komdu á frumsýningu í dag kl. 12-16 og upplifðu þennan frábæra bíl af eigin raun.

Staðalbúnaður er sérlega ríkulegur:

Mikill öryggisbúnaður: Ökumannsvaki (Drivers Alert), Árekstravari (Active City Stop), Veglínuskynjari (Lane Keeping Alert). Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), My Key búnaður (forritanlegur lykill með takmörk á hámarks hraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), Apple CarPlay og Android Auto, Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport) o. m. fl.

VERÐ FRÁ AÐEINS: 3.190.000 KR.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur og station



Ford tekur þig lengra
Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16


ford.is



Hasim og Þóra Kristín hittust fyrst þegar hann var fimmtán ára gamall, bjó í leiguherbergi í Reykjavík og gekk í Austurbæjarskóla. „Eins og eldspúandi dreki,“ segir Þóra Kristín. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Götustrákur í Reykjavík

Árið 1993 kom **Hasim Ægir Khan** til Íslands frá munaðarleysingjaheimili í Kalkútta á Indlandi. Hann var um tólf ára gamall og áfangastaðurinn var Þorlákshöfn þar sem beið hans nýtt heimili. Þremur árum síðar bjó hann aleinn í leiguherbergi í Reykjavík.



Bréf íslenskrar ætteleiðingar um að dragandann að ætteleiðingu Hasims. MYND/SKJÁSKOT

Hrekkjavakan er í algleymingi í litilli hliðargötu í miðborginni. Litlir púkar, nornir og börn með ofrýnilegar gúmmigrímur stökkva á milli garða. Þóra Kristín Aðgeirsdóttir rithöfundur og Hasim Ægir Khan sitja inni við og fylgjast með atganganum í börnunum. Þau bjóða upp á kaffi og kleinur og á stofuborðinu er nýútkomin bók þóru; Hasim, götustrákur í Kalkútta og Reykjavík.

Hasim á engar minningar um að hafa tekið þátt í þessum tiltölulega nýja síð þegar hann var að alast upp hér á landi en hann bjó ekki heldur við neinar venjulegar fjölskylduástaður. „En þetta er líka mjög vinsælt í Noregi,“ segir hann. Þar býr Hasim í dag með eiginkonu sinni og fjórum börnum. Hann á einnig átján ára son sem býr hér á Íslandi með móður sinni.

„Ég bý í fjórðunum í Noregi og finnst það yndislegt. Oft er ég spurður hvernig Indverji eins og ég þoli kuldan, þá svara ég því til að ég sé Íslendingur og ég elski frost og kulda. Og reyndar er veðrið í Nor-

egi betra en á Íslandi, það er ekki jafnmikið rok,“ segir hann glaður og bragði.

Skilinn eftir í lest
Þegar Hasim var sex ára gamall var hann settur um borð í lest á leið til Kalkútta og skilinn eftir þar. „Ég man þetta vel. Við bjuggum í Gömlu-Dehli. Amma fór með mér einn daginn í leiðangur. Setti mig í lestina og sagðist ætla að skreppa til að ná í vatn. Hún kom ekki aftur og lestin fór af stað. Ég sat í lestinni og grét, var svo hræddur að ég þorði ekki að hreyfa mig. Ég sat enn í lestinni tuttugu og fjórum tímum síðar þegar hún stöðvaðist í Kalkútta,“ segir Hasim frá.

„Hann var í rauninni bara borinn út og yfirgefninn af fjölskyldu sinni,“ segir Þóra Kristín.

Hasim segist hafa setið sem fastast í lestinni. Starfsfólk sem þreif lestina fann hann. „Ég var færður til lögreglunnar og enda fyrst í fangelsi fyrir börn áður en ég er sendur á barnaheimili,“ segir hann frá.

Hasim elst upp á munaðarleysingjaheimilum og á götunni í Kalkútta þar til hann er sendur til æt-

ÞESSI ÍSLENSKU HJÓN Í ÞORLÁKSHÖFN SEM TAKA VIÐ HASIM VIRÐAST SÍÐAN ALGJÖRLEGA ÓUNDIRBÚIN ÞVÍ AÐ TAKA VIÐ DRENG SEM KOM ÚR SVO ERF- IÐUM AÐSTÆÐUM.

Þóra Kristín

leiðingar til Íslands tólf ára gamall.

Frá lifi hans í Indlandi greinir Þóra Kristín nánar í bókinni. Lýsundur til lifi hans í Kalkútta eru erfiðir lestur og það er ljóst að það er algjörlega niðurbrotið barn sem er sent til ætteleiðingar til fjölskyldu í Þorlákshöfn.

Vildu yngra barn
„Hann lendir í miklum hremmingum og á að baki erfið líf sem barn í Kalkútta þegar hann er svo loks sendur til Íslands, líklega var hann þá tólf ára. Í rauninni er það ekki alveg vitað,“ segir Þóra Kristín sem bendir á að börn sem eru yfirgefnir á þennan hátt séu ekki með skjól og pappír á sér. „Þessi íslensku hjón í Þorlákshöfn sem taka við Hasim virðast síðan algjörlega óundirbúin því að taka við dreng sem kom úr svo erfiðum aðstæðum.“

Hasim tekur undir það og segist strax hafa fundið á sér að þau voru afar vonsvikin. „Ég skildi auðvitað ekki tungumálið og reyndi að lesa í svipbrigði fólks. Ég fann fyrir vonbrigðum. Ég held að þau hafi ekki viljað mig. Þau vildu miklu yngra barn en þau voru beitt þrýstingi til

að taka mig. Á barnaheimilinu úti voru þau ákveðin, ég skyldi fara fyrst áður en yngri börn fengust til ætteleiðingar,“ segir Hasim.

Hasim var hjá fjölskyldunni í eitt ár og ýmsir erfðeileikar komu upp. Hann hafði upplifað skelfilega hluti og átti bág með að aðlagast. Smáþorpið Þorlákshöfn var eins og annar heimur miðað við stórborgina Kalkútta. Þar giltu aðrar reglur, önnur lögmál. Allt var öðruvísi og hann var öðruvísi. Hann varð reiður og átti bág með að ráða við tilfinningar sínar enda hafði hann misst málið og þurft að læra allt upp á nýtt við komuna til landsins.

Skiilað
„Það komu upp mörg vandamál og eftir eitt ár ákveðu þau að þau vildu alls ekki ætteleiða mig,“ segir Hasim sem leyndir því ekki að hann hafi verið erfiður. Hann hafi þar ekki ráðið við sig.

„Honum var bara skiilað. Hann er eina ætteleidda barnið sem hefur verið skiilað og það munaði engu að honum yrði skiilað til Indlands,“ segir Þóra Kristín.

Inni á milli frásagna af Hasim í



KÁRSNESIÐ
HVERFIÐ OKKAR

Kársnesið er ný byggð í uppbyggingu við sjávarsíðuna yst á Kársnesi í Kópavogi. Gott aðgengi er að helstu þjónustu og verslunum og er fallett umhverfi, opin leiksvæði og útivistarsvæði þar í kring.



FYRSTU ÍBÚÐIR
KOMNAR Í SÖLU



Hafnarbraut 9 er nýtt og fallett fjölbýlishús með 24 íbúðum. Íbúðirnar eru vandaðar og hannaðar með fjölbreytt fjölskyldumynstur í huga.

Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja, frá 59,3 fm til 172,4 fm að stærð með aðgangi að lokaðri bílageymslu. Heillandi umhverfi sem skartar fallettri náttúru og stórbrotnu útsýni til sjávar.

OPIÐ HÚS

HAFNARBRAUT 9



laugardaginn
3. nóvember
kl. 15:00 – 15:30



þriðjudaginn
6. nóvember
kl. 16:30 – 18:00

Frekari upplýsingar um hverfið má finna inná www.karsnes.is

TAX FREE

31. okt. MIÐ – LAU 3. nóv.

TaxFree er 19,35% afsláttur
Að sjálfsgöðu fær Ríkissjóður sinn VSK.



Afmæli

Leikfangaland er 3 ára og gefur því öllum krökkum nammipoka og andlitsmálun.

Leikfangaland



FJÖRÐUR

Vinalega verslunarmiðstöðin
í miðbæ Hafnarfjarðar



Hasim er hér fyrir miðu með mömmu sinni á Indlandi, bróður og frænda. Myndin er tekin skömmu áður en hann var settur í lestina til Kalkúttu. Hann var bara sex ára gamall og grét í lestinni. Hann endaði á barnaheimili í borginni.

bókinni eru vitnisburðir fólks sem Þóra Kristín hefur talað við. Þeirra á meðal er Kristinn Kristinsson, félagsmálastjóri í Ölfusi.

„Það er fjarstæðukennt að ætla að hjón í Þorlákshöfn hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að ætteleiða stálpað barn frá Indlandi sem þau höfðu aldrei séð áður og fá sent nánast í pósti til landsins. Sagt er að það hafi verið þrýst á þau að gera þetta. Þau eru að öllum líkindum jafnmikil fórnarlömb í þessu og Hasim sjálfur,“ er haft eftir Kristni í bókinni.

Fólk er skuldbundið til að ganga frá ætteleiðingu gangi það til hennar. Í yfirlýsingu fösturfóreltra hans segir að þau lýsi yfir eindregnum vilja til að ætteleiða Hasim ekki. Þá segist þau ekki óska eftir neinum félagslegum eða lagalegum tengslum við hann.

Öll skjól um Hasim hurfu

„Atburðarásin sem fór af stað var harðneskjuleg,“ segir Þóra Kristín. „Þegar ætteleiðingin er ógilt fer Hasim í umsjá barnaverndarnefndar Ölfushrepps sem fer þá með forræði hans. Hvorki dómsmálaráðuneytið né Íslensk ætteleiðing hafa viljað bera ábyrgð á stöðu Hasims,“ segir Þóra Kristín og segir það fljótt hafa komið í ljós að þeir voru margir sem vildu ekki ræða málefni hans. „Margir vildu ekki ræða mál Hasims og reyndu einnig að koma í veg fyrir að bókinni kæmi út. Til dæmis hurfu öll skjól um Hasim úr skjalageymslu Ölfushrepps. Þegar hann loksins mátti fá þau afhent, þá voru þau bara horfin. Það voru sko ekki allir á því að þessi saga yrði sögð,“ leggur Þóra Kristín áherslu á.

„En okkur fannst það nauðsynlegt því saga Hasims á mikil erindi í dag,“ segir hún. „Öll þessi flóttabörn sem eru á vergangi í heiminum. Við höfum ekki skilning á því að það er ekki hægt að leggja allt á börn. Það er mýta að þau aðlagist fljótt og gleymi erfíðleikum sínum. Við verðum að vanda okkur þegar við tökum á móti þeim og reyna að skilja hvaðan þau koma og úr hvaða aðstæðum, það er ekki bara hægt að skila þeim þegar illa gengur,“ segir Þóra Kristín.

Hún segir að eftir að hafa kynnst Hasim finnst henni enn nótturlegra að hugsa til þeirra barna sem komi til Íslands á flotta undan stríði og öðrum hörmungum. „Þessi börn eru kannski mánuðum eða árum saman í skóla á Íslandi, að strita við að ná föttestu, læra framandi tungumál og eignast vini. Þá koma einhverjir kerfiskallar og -kellingar og ákveða með einu pennastríki að flytja þau úr í skjóli nætur og henda þeim í yfirfullar flóttamannabúdir. Það gæti orðið erfitt að glíma við reiði og sárindi þessara barna síðar meir þegar þau verða fullorðnir einstaklingar.“



UM TÍMA VAR HANN Í

HERBERGI Í MJÖLNISHOLTI

ÞAR SEM BJUGGU RÓNAR

VIÐ HLIÐINA Á HONUM.

Fékk skjól hjá kennurum

Hasim segir skólalastjórnum og kennara hafa reynt sér vel á Íslandi. „Gæfa mín var hversu gott fólk var í skólanum í Þorlákshöfn og svo seinna í Austurbæjarskóla,“ segir hann frá.

„Kennarar í Þorlákshöfn tóku Hasim í föstur. Þeim þótti vænt um hann og þegar fösturfóreltra hans vildu hann burt af heimilinu, þá fékk hann skjól hjá þeim,“ segir Þóra Kristín. „Það gekk svo reyndar ekki lengur að hann byggi í Þorlákshöfn, það var of erfitt fyrir hann,“ segir hún frá. „Seinna varð hann svo aftur heppinn þegar skólalastjórnum og kennarar í Austurbæjarskóla tóku hann að vissu leyti undir sinn verndarvæng. Þó að þá hafi hann þurft að búa einn í herbergi hér í Reykjavík. Innan um vegalausa. Það var þá sem ég hitti hann Hasim, þegar hann gekk í Austurbæjarskóla.“

Hasim segist hafa vitað að Þóra Kristín væri blaðakona og vildi segja henni sögu sína. „Mér leið svo hræðilega illa með þetta allt saman og vildi held ég einhvern veginn losna við þetta allt saman,“ segir hann.

Eins og eldspúandi dreki

„Hann var í bekk með syni vinkonu minnar. Hann var svo rosalega reiður, mér fannst hann eins og litill, svarthærður eldspúandi dreki. Hann var svo reiður að hann lyftist frá jörðinni þegar hann talaði. Ég sá að hann var ofboðslega sært barn,“ segir Þóra Kristín sem segist þá hafa hugsað sér að skrifa með honum unglingabók, það hafi hins vegar þurft að líða lengri tími. Það hafi verið of erfitt að ná til hans þarna og málið of viðkvæmt. „Fyrir tæpu ári leiddi ég hugann að því hver örlög hans hefðu orðið, hafði upp á honum og við fórum að ræða saman,“ segir Þóra Kristín sem talaði auk þess við fjölda annars fólks sem kom að málu og studdist við þær skriflegu heimildir sem voru tiltekjar.

Í Reykjavík bjó Hasim á nokkrum stöðum. Til dæmis í athvarfi fyrir vegalausa unglunga í miðborginni. „Um tíma var hann í herbergi í Mjólnisholti þar sem bjuggu rónar við hliðina á honum. Þar bjó hann á meðan hann sótti tíma í Austur-

bæjarskóla. Hann borðaði núðlur úr Bónus og þurfti að bjarga sér á allan hátt,“ segir hún. „Hann lendir í því að verða svollitill götustrákur í Reykjavík. Verður sveitarómagi hjá Ölfushreppi og býr aleinn í leiguherbergi í Reykjavík.“

Einmana og reiður

Hvernig getur svona gerst? Varðar þetta ekki lög?

„Þetta er harðneskjulegt. Það voru margir sem vissu þetta og sáu þetta. En kennarar bæði í Þorlákshöfn og svo í Austurbæjarskóla höfðu auga með honum sem var bót í máli,“ segir Þóra Kristín frá og á við Guðmund Sighvatsson skólalastjóra og Ninu Magnúsdóttur kennara. Þá var félagsmálafulntrú Ölfushrepps einnig í sambandi við hann.

„Ég mætti oft í skólann án nestis og ekki tilbúinn. Þá sagði hann Guðmundur: Komdu hingað, Hasim minn. Og hjálpaði mér. Þau studdu við mig þegar ég átti engan að. Þegar ég lét öfriðlega í skólanum var ég sendur til hans. Hann tók á móti mér, auðvitað skammaði hann mig. En hann gerði það af alúð þannig að ég fann að ég gat áfram treyst á hann,“ segir Hasim.

Hann segist hafa verið ákaflega einmana. Og reiður. „Ég hélt ég væri að hefja nýtt líf þegar ég kom til Íslands. Ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur framfar. Á sama tíma var ég enn að hugsa til Indlands og þess lífs sem ég átti þar. Ég var rötlaus, reiður og treysti engum,“ segir Hasim.

„Hann varð alltaf reiðari og reiðari, það varð sífellt erfíðara að hjálpa honum,“ segir Þóra Kristín.

„Þetta er ekki alveg að baki þótt ég lifi góðu lífi í dag. Ég fæ enn martröð þar sem ég er einn í herbergi þar sem rónarnir eru allt í kringum mig. Jólín voru erfíðust. Þá er tími fjölskyldunnar og þá voru allir uppteknir,“ segir Hasim. „Ef ég vildi hitta einhvern þá var það kannski ekki hægt. Og þegar það var fri í skólinum og svona. Mér fannst það erfitt,“ segir hann.

Tekur föðurhlutverkið alvarlega

„En svo kynnst hann stúlku og fjölskylda hennar byður hann velkomin í þeirra líf. Þau reyndust honum ákaflega vel,“ segir Þóra Kristín. Þá átti hann góða vini eins og lögreglumann í Reykjavík sem var tilsjónarmaður á sambýlinu þar sem hann bjó. Hann tók Hasim undir sinn verndarvæng og hefur alltaf verið til taks að hennar sögn.

„Ég á íslenskan son. Hann er átján ára og býr með móður sinni á Akureyri. Ég er þakklátur þeim, ég treysti þeim vel og veit að hann hefur það gott.“

Ég tek föðurhlutverkið alvarlega. Ég reyni að veita börnum mínum það sem ég fékk aldrei. Öryggi. Ég fæ að vísa þeim rétta leið og finnst ég heppinn.“

KRONAN



Technic snyrtivöru jóladagatal
Förðurnar- og naglavörur

4990 kr. pk.



Viðdu úrvalið á kronan.is

Fæst í:

Bíldshöfða, Flatahrauni,
Garðabæ, Grafarholti,
Granda, Lindum og Vallakór

og ... Akranesi,
Mosfellsbæ, Reyðarfirði,
Reykjanesbæ, Selfossi og
Vestmannaeyjum

Technic snyrtivöru jóladagatal
Andlits- og nagladekur

4990 kr. pk.



Technic baðvöru jóladagatal

3390 kr. pk.



Revolution nýársdagatal
Förðunartitill fyrir áramótin

3390 kr. pk.



Revolution jóladagatal
Allt fyrir varinrar

6590 kr. pk.



Revolution snyrtivöru jóladagatal
Varalittir, augnskuggar og burstar fyrir jólin

6590 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ATH. vöruúrval er misjafnt eftir verslunum

LÝKUR UM

TAXI

Allir sófar, púðar og sófaborð á taxfree tilboði*

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir til 4. nóvember eða á meðan birgðir endast. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söliverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

HELGINA

FREE



Pórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Hin sænska Beatrice Fihn stýrir samtökunum International Campaign to Abolish Nuclear Weapons (ICAN) og hefur gert frá árinu 2014. Síðasta ár var stórt fyrir samtökin. Í júlí greiddu 122 ríki atkvæði með nýjum sáttmála um bann við kjarnorkuvopnum og var hann því samþykktur þrátt fyrir harða andstöðu kjarnorkuríkja og bandamanna þeirra. Í október veitti Fihn svo friðarverðlaunum Nóbels viðtöku fyrir hönd ICAN.

Í viðtali við Fréttablaðið segir Fihn að afstaða Íslands í málinu komi henni á óvart, að nýtt vigbúnaðarkapphlaup sé fram undan og að kjarnorkuvopn beri að setja á sama stall og til dæmis efnavopn.

Engin góð efnavopnaríki

Að sögn Fihn er enginn eðlismunur á því að Norður-Kórea eða ríki sem almennt telst ábyrgara eigi kjarnorkuvopn. „Það eru engin ábyrg lifefnavopnaríki. Vopnin sjálf eru vandamálið. Svo höfum við líka fengið að sjá hversu hratt jafnvel vestraen lýðræðisríki fara úr ábyrgri og stöðugri stjórn í röklusa skapofsastjórn.“

„Og jafnvel þótt stjórnendur séu ábyrgir segir Fihn að slíkt komi ekki í veg fyrir mistök, misskilning eða slys. Heimsbyggðin hafi séð á tímum kalda stríðsins að misskilningur leiddi nærri til kjarnorkustyrjalda.“

Aðspurð um þann rökstuðning fyrir tilvist kjarnorkuvopna að þau búi yfir ákveðnum fælingarmætti sem fyrirbyggir stríð svarar Fihn því að það sé bara kenning. „Ef þú horfir til raunveruleika kjarnorkuvopna sérðu að þau ógna öryggi allra þjóða og eru þess megnug að valda gifurlegri þjáningu. Það að eiga kjarnorkuvopn þýðir að þú hótar því í raun stanslaust að fremja fjöldamorð á almennum borgurum.“

Undarlegar undanþágur

Fihn segir að ICAN hafi verið stofnuð með það að leiðarljósi að notkun vopna sem ekki er hægt að forða almennum borgurum undan stangist í raun á við alþjóðavopn og þau beri því að banna.

„Þannig að við sprettum upp úr hreyfingunum sem stuðluðu að banni lifefnavopna, efnavopna, jarðsprengja og klasasprengja og við ákváðum að vinna að banni og útrýmingu kjarnorkuvopna,“ segir Fihn.

Að hennar sögn hafa kjarnorkuvopn of lengi verið undanþegin alþjóðalögum í raun. „Jafnvel ríki sem berjast fyrir mannréttindum og virða stríðslög, passa sig að drepa ekki almenna borgara, virðast gera stóra undanþágu fyrir kjarnorkuvopn. Þeim finnst þau einhvern veginn í lagi. Svona eins og þau séu eiginlega ekki raunveruleg vopn. Fólk litur á þetta sem eitthvert pólitískt stefnumál en ekki hernaðarmál,“ segir Fihn.

Þess vegna, segir Fihn, vill ICAN reyna að fá fólk til þess að viðurkenna raunveruleika kjarnorkuvopna. „Þau eru stór, tröllvaxin, ómanniðleg gjöreyðingarpöpp sem valda gifurlegri þjáningu og við viljum vinna að banni og útrýmingu þeirra.“

Nóbelsverðlaunin breyttu miklu fyrir samtökin, að sögn Fihn. Þau fengu fólk til þess að hafa áhuga á málaflöknum og gerði samtökunum kleift að beita meiri þrýstingi. Að auki leiddu þau til þess að fleiri ríki undirrituðu bannssáttmálan og til umræðu í kjarnorkuríkjum.

„Við vitum að til dæmis á Íslandi hefur verið lögð fram tillaga á þingi um að Ísland ætti að skrifa undir og fullgilda sáttmálan,“ segir Fihn. Bætur því við að verðlaunin hafi haft mikil áhrif á starf samtakanna er varðar gerð sáttmálan.



Beatrice Fihn þegar hún veitti nóbelsverðlauninum viðtöku fyrir hönd samtaka sinna, ICAN. NORDICPHOTOS/AFP

Ísland meðsekt kjarnorkuveldunum

Fréttablaðið ræðir við Beatrice Fihn, stjórnanda nóbelsverðlaunasmatakanna ICAN, um baráttuna gegn kjarnorkuvopnum, afstöðu Íslands í málinu og framtíðarhorfur kjarnorkumála í heiminum.

Hvers vegna er Ísland ekki með?

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sagði í svari við fyrirspurn Smára McCarthy um þá ákvörðun Íslands að gerast ekki aðili að sáttmálanum um bann við kjarnorkuvopnum að afstaða Íslands sé skýr. „Hún er sú að stefna skuli að kjarnavopnalausri veröld og að kjarnavopnum sé eytt með markvissum og gagnkvæmum hætti.“

„Ísland studdi hins vegar ekki þá ályktun og þær viðræður sem leiddu til samningsins um bann við kjarnavopnum.“

Ástæðan var m.a. sú að fyrir fram var ljóst að kjarnavopnaveldin myndu ekki taka þátt í þessu ferli og fyrirséð að ekki

næðist árangur nema þau sætu við samningaborðið. Því telja íslensk stjórnvöld það raunhæfustu leiðina og líklegasta til árangurs að stöðjast við þá samninga og ferli sem fyrir liggja, ekki síst samninginn um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT-samninginn), sem kjarnavopnaveldin eru aðilar að,“ sagði í svari ráðherra.



Ísland meðsekt

Fihn segir að það hafi komið sér á óvart að Ísland hafi ekki stutt gerð sáttmálan. „Ég held að Ísland eigi sér góða sögu um að hafa staðið fyrir mannréttindum og stutt setningu banns við lifefnavopnum, efnavopnum, jarðsprengjum, klasasprengjum og hefur tekið afstöðu gegn beitingu vopna gegn almennum borgurum,“ segir hún og bætir við:

„Ísland hefur líka stutt baráttuna fyrir kjarnorkuafvopnun og fest það í lög að vopn megi ekki ferðast í gegnum Ísland. Þannig að ég held að það væri eðlilegt að Ísland skrifaði undir. Það þýðir ekki að þið þyrftu að segja ykkur úr NATO. Það þýðir einfaldlega að Ísland þyrfti að staðfesta að ríkið myndi biðja um að kjarnorkuvopn væru ekki notuð af þess hálfu.“

Sem meðlimur NATO er Ísland hluti ferfisins sem viðheldur kjarnorkuvopnum, segir Fihn. „Það eru bara níu kjarnorkuríki en mun fleiri ríki, til dæmis Ísland, sem eru þögl

eða meðsekt í þessu máli. Þessi ríki leyfa þessu ástandi að viðgangast í sínu nafni.“

Ísland er ekki bara áhorfandi í málinu, að sögn Fihn, og stendur nú frammi fyrir vali. „Ísland þarf að taka afstöðu. Vill það vinna að heimi án kjarnorkuvopna eða vera meðsekt í þessu nýja vigbúnaðarkapphlaupi?“

Nítján hafa fullgitt

Til þess að samningurinn taki lagalegt gildi þurfa fimmtíu ríki að fullgilda hann. Fihn segir að það hafi nítján ríki nú þegar gert á einu ári og að hún búist við því að ríkin verði fimmtíu undir lok næsta árs. Málið taki hins vegar tíma enda þurfi það víða að fara í gegnum þjóðþing sem krefst umræðu og nefndarstarfa.

„Þegar fimmtíu ríki hafa skrifað undir mun standa í alþjóðalögum að kjarnorkuvopn séu ólögleg. Auðvitað kemur þá engin heimslöggá og handtekur kjarnorkuveldin en þetta mun gefa baráttufólki aukid vægi. Þetta mun gefa ríkjum sem eru andvíg kjarnorkuvopnum meira vald til þess að pressa á kjarnorkuveldin og bandamenn þeirra og þetta þýðir að nýtt norm verður til.“

Og kjarnorkuveldin og bandamenn þeirra, til að mynda Ísland, munu að sögn Fihn standa fyrir utan þetta nýja norm.

Hún segir að þrýstingur á þau muni aukast og bankar gætu til að mynda hætt öllum fjárfestingum í framleiðendum kjarnorkuvopna. „Við viljum taka fjármagnid af framleiðendum kjarnorkuvopna og í raun gera vopnin sjálf óaðlaðandi fyrir þessi ríki.“

Ögnin enn til staðar

Fihn segir að Bandaríkin og Rússland séu við það að hefja nýtt vigbúnaðarkapphlaup. Trump hafi til að mynda dregið Bandaríkin út úr sáttmála um bann við millidragum eldflaugum sem Bandaríkin og Sovétríkin gerðu árið 1987.

„Eldflaugarnar sem þarna voru bannaðar voru ætlaðar Evrópu. Þeim var ætlað að sprengja í loft upp evrópskar borgir. Það sem er núna að gerast er að við erum á barmi nýs vigbúnaðarkapphlaups og við verðum ekki endilega eins heppin nú og við vorum síðast. Þetta er raunveruleg ögn við öryggi okkar,“ segir Fihn.

Að auki segist Fihn hafa áhyggjur af tæknipróun í þessu samhengi. Til að mynda af þróun sjálfstýrðra vopna, stafrænum hernaði og því að heimurinn nú sé töluvert óútreiknanlegri en á dögum kalda stríðsins. „Það þýðir að ákvarðanir verða ekki eins upplýstar og áður. Við munum ekki endilega vita hvaðan árásin sem verður er að svara kom, til dæmis vegna tölvuárása. Þetta gerir kjarnorkuvopn mun hættulegri í dag en þau hafa nokkurn tímann verið.“

Umræðan hjálar

Kjarnorkuvopn hafa verið mikið í umræðunni undanfarnir misseri. Íransamningurinn og ákvörðun Trumps um að draga Bandaríkin út úr honum, deilurnar á Kóreuskaga og sú óvanta þiða sem komst svo í þau samskipti hafa vakið heimsathygli. Fihn segir að þrátt fyrir að þetta sé uggvænlegir tímar hafi þessar fréttir vakið fólk af værum blundi.

„Margir héldu að eftir lok kalda stríðsins hefði þetta málið einfaldlega verið leyst og að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur. En auðvitað muna margir að þessi vopn eru enn þá til og að við þyrftum að gera eitthvað í því. Þannig að okkur finnst baráttan aldrei hafa verið öflugri þar sem sífellt fleiri slást í lið með okkur,“ segir Fihn.

Hún bætir því þó við að á sama tíma sé kjarnorkuveldin að uppþæra vopnabúr sín og að stjórnarfar víða hafi þróast í alræðisást.

„Ég held að það sé engin tilviljun að kjarnorkumál séu komin á dagskrá aftur á sama tíma og við erum að sjá valdbóðsinnna stæra sig af stærð vopna sinna og sýna andlýðræðislegan, illskeyttan, þjóðernishyggjulegan og ógnandi málfuttning. Þetta helst í hendur. Kjarnorkuvopn og lýðræði fara illa saman.“

Meira sælkera



**EITT GLÆSILEGASTA SÆLKERABORÐ
LANDSINS ER Í HAGKAUP KRINGLUNNI**


HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*



Hætta lífinu fyrir tónlistina

Dauðarefsing er við tónlist og boðskap hljómsveitarinnar Al-Namrood í heimalandinu Sádi-Arabíu. Sveitin hefur samt sem áður gefið út plötur í áratug. Stofnandi sveitarinnar ræðir við Fréttablaðið um óttann og stöðuna í Sádi-Arabíu.



Hljómsveitin Al-Namrood hefur verið virk í rúman áratug. Hún hefur hins vegar aldrei spilað á tónleikum og er ekki í neinu sambandi við aðdáendur sína í heimalandinu, Sádi-Arabíu. Hljómsveitarmeðlimir hafa aldrei komið fram undir nafni og engar myndir af hljómsveitinni er að finna á netinu. Astæðan er einföld. Hljómsveitin spilar svartmál (e. black metal) og með textunum lýsa þremmeningarnir andúð sinni á þjóðartrúnni íslam. Við þessu er dauðarefsing.

tónlistarmanna í Noregi. Mephisto segir að sögu hljómsveitarinnar megi rekja til þess að þeir arabískir drengir, í trúaðasta og kúgaðasta samfélagi jarðar, hafi áttað sig á því að „trúarbrögð séu ekkert annað en svíksemi“. Þau efli óréttlátt kerfi og því hafi drengirnir valið þessa tónlist sem vettvang til að „tjá sínar myrkustu hugsanir“.

Í lífshættu Þótt blátt bann sé í Sádi-Arabíu við tónlistinni halda meðlimir Al-Namrood ótrúauðir áfram. „Allt sem stangast á við sjarialög er ólöglegt í Sádi-Arabíu. Það er afar auðvelt að brjóta þessi lög þar sem það sem telst saklaust í eðlilegum heimi telst hér saknæmt. Vegna þess ákváðum við hreinlega að gera bara það sem við viljum. Við yrðum fordæmdir sama hvað. Ef ekki vegna tónlistarinnar þá vegna þess hvernig við hugsum. En við þurfum líka að fá útrás. Að reyna að tala máli hinna kúguðu og vekja athygli á þeim sem hafa þorað að brjótast úr hlekkjum heilapvottarins.“



10 Years of Resistance nefnist safnplata sádiarabísku sveitarinnar sem kom út fyrir á þessu ári.

Öfgar og hraði

Svartmálmur er ein öfgafyllsta undirstefna þungarokks. Hún einkennist af hráum upptökugæðum, öskrandi raddbeitingu og miklum hraða. Umfjöllunarefni söngtextanna getur verið mismunandi. Í textum sínum hefur mikill fjöldi sveita þó lýst andúði á kristinni trú, hvort sem hún er sett fram með stuðningsyfirlýsingu við kölska eða heiðna siði. Lítið brot svartmálms má svo flokka sem nýnastisvarmál en sú stefna nýtur lítillar hylli í þungarokkssamfélaginu.

Svartmálmur er skandinavísk stefna og eru stærstu og þekktustu böndin frá Noregi og Svíþjóð. Sum þeirra hafa vakið heimsathygli, þá einna helst norsk sveitin Mayhem. Sú athygli var þó ekki vegna tónlistarinnar. Annars vegar komst sveitin í fréttirnar eftir að söngvarin, Per Yngve

Ohlin, skaut sig í hausinn með haglabýssu. Hljómsveitarmeðlimir fundu hann, tóku mynd af líkinu og settu á umslag plötunnar Dawn of the Black Hearts. Hins vegar komst sveitin í fréttir þegar bassaleikarinn Varg Vikernes myrti gítarleikarann Øystein Aarseth. Þá voru meðlimir Mayhem, líkt og nokkurra annarra skandinavískra sveita, víðriðnir kirkjubrennur á tíunda áratugnum.

Nokkuð blómleg svartmálmsena er á Íslandi og er senan trúlega sú stærsta í neðanjarðarheimi þungarokks hér á landi. Sveitir á borð við Misþyrmingu, Svartadauða, Auðn og Sinmara hafa verið að gera góða hluti að undanförunu og þá má ekki gleyma eldri sveitum á borð við Potentiam, sem gaf út meistarayfirkkið Bálsyn árið 1999, og því að rætur Sólstafa liggja í stefnunni.

En telja hljómsveitarmeðlimir sig í hættu, í ljósi þess að dauðarefsing er við broti þeirra?

„Já, að hluta til vegna tónlistarinnar sjálfar en einnig vegna afstöðu okkar gagnvart trúnni. Að sjálfsgögu óttumst við að yfirvöld komist að því hverjir við erum. Við þurfum að takast á við þann ótta. En við getum ekki leyft óttanum að stjórna okkur,“ segir Mephisto.

Að hans sögn halda þeir áfram sköpun sinni. Þrátt fyrir hættuna, þar sem hljómsveitarmeðlimir vita að ríkisstjórnin getur illa stjórnað veraldarvefnum. „Við, og margir aðrir, notum netið til þess að hafa samband við umheiminn. Samfélagsmiðlar verða sífeltils íburðar-meiri. Það er hægt að skapa nafnlausan aðgang og tjá þannig skoðanir sínar. Sjónvarpið er ekki lengur einu upplýsingaveitan. Nú get ég tjáð skoðanir minar en samt varið mig gegn ríkisstjórninni.“

Einangarðir

Mephisto segir að áskoranirnar séu fjölmargar fyrir hljómsveit sem er í raun bönnuð, talin hættuleg. Hann nefnir skort á stuðningi, tækjábúnaði og upptökuvörum og baráttuna

tjáð stuðning sinn við okkur. Eg veit að það er hættulegt fyrir þá.“

Mephisto tekur fram að á Face-book geti hann séð að hljómsveitin á 45 aðdáendur sem staðsettir eru í Sádi-Arabíu. „Þetta getu verið raunverulegir aðdáendur. En þetta gæti líka verið lögreglan í stafrænu dulargervi. Eg er ekki viss.“

Ofurharðstjóri

Undanfarnar vikur hafa fjölmiðlar fjallað mikið um Mohammed krónprins, sem er eiginlegur leiðtogi Sádi-Arabíu vegna veikinda Salmans konungs. Talið er líklegt að Mohammed hafi fyrirskipað eða að minnsta kosti vitað af morðinu á blaðamanninum Jamal Khashoggi í Istanbul í upphafi mánaðar. Khashoggi var þekktur andstæðingur prinsins og hafði gagnrýnt hann harðlega, meðal annars í pistlum í Washington Post.

Mephisto segir að það breyti engu, hvorki fyrir hljómsveitina né almenning, að Mohammed sé nú að komast til valda. „Það verða engar breytingar. Einn harðstjóri fer og annar kemur í staðinn. Bara í mismunandi litum með öðruvísi áróður. Ef þú litur til þess að hann er að bjóða upp á ýmiss konar afþreyingu fyrir almenning geturðu séð að það er bara til þess að lita betur út. Inn við beinið er þetta enn sama gamla ofuríhaldssama trúarofstækiskerfið. Þungarokk er enn álitit satanísk,“ segir Mephisto og bætir við: „Hann er ofurharðstjóri. Með gullmedalíu í sínu fagi.“



VIÐ HÖFUM LÍTIÐ SAMBAND VIÐ FJÓLSKYLDU OKKAR OG VINI. VIÐ ÞURFUM AÐ FARA AFAR GÆTILEGA.

fyrir nafnleynd. „Svo er auðvitað áskoranin fölginn í því að búa í landi þar sem þú veist að þú verður háls-högsvinn, komist yfirvöld að því hver þú ert,“ segir Mephisto og bætir við: „Við erum orðnir einangradri. Við höfum lítið samband við fjólskylda okkar og vini. Við þurfum að fara afar gætilega svo ekki komist upp um okkur.“

Öpp um hljómsveitir og boðskapur Al-Namrood er ekki löðinn í Sádi-Arabíu segist Mephisto hreinlega ekki vita hvernig tónlist þeirra hefur verið tekið þar í landi. „Eg á mjög sjaldan samskipti við aðdáendur í Sádi-Arabíu. Eg veit að þeir eru til en þeir geta auðvitað ekki

Óttist þið, í ljósi Khashoggi-málsins, að krónprinsinn munu nú ganga lengra til að þægja niður í andstæðingum sínum?”

„Það gleður mig að þú þyrjir að þessu. Þótt það hryggi okkur auðvitað að heyrast af því að öðrum Sádi-Araba (ekki þeim fyrsta) hafi verið slátrað er ég einhver vegginn glaður yfir að þetta hneyskli vakti heimsathygli. Þannig hefur heimurinn fengið innýtt í okkar raunveruleika. Þessi mikilmennskubrjálæðingur mun þægja niður í hverjum þeim sem er ósammála honum. Fyrir það galt herra Khashoggi.“

Aðspurður um hvort hann sé bjartsýnn á að tjáningarfrelsið aukist í framtíðinni er svar Mephistos einfalt. „Það hef ég aldrei verið.“

Iceland Airwaves

LAUGARDAGUR 3. NÓVEMBER 2018

**20 ára
afmælisútgáfa**
7.–10. nóvember

Víðtöl við Ásgeir Trausta,
Bríeti, Ólaf Arnalds o.fl.

Dagskráin, böndin,
tónleikastaðirnir og
sérstakir viðburðir

Fleiri en 230 listamenn
frá tæplega 26 löndum

Stærsta Iceland Airwaves
frá upphafi!



ICELANDAIR
FOUNDING SPONSOR

Reykjavíkurborg

Heineken

Heineken
00-

CINTHANI

TVG-ZIMSEN

CENTER
HOTELS

Hertz

icelandairwaves.is #airwaves2018

MYND/FLORIAN TRYKOWSKI/ICELAND AIRWAVES

Hátíðargestir sem eiga armband geta mætt í Ráðhús Reykjavíkur á mánudag kl. 12 með þetta blað til að eiga möguleika á að vinna ýmsa vinninga og fríðindi í tengslum við hátíðina.

Lágstemmdur og þægilegur Ásgeir Trausti

Í ár heldur Ásgeir Trausti tvenna tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík þar sem nýju lögin verða í forgrunni. Auk þess stendur hann fyrir skemmtilegum viðburðum í Hljóðrita þar sem heppnir gestir fá einstaka vínplötur að gjöf.

Ásgeir Trausti var eitt aðalnumeríð á Iceland Airwaves á síðasta ári en þá hélt hann eftirminnilega tónleika í Eldborgarsal Hörpu við góðar undirtektir. Í ár heldur hann öllu minni og persónulegri tónleika sem fara



Ásgeir Trausti heldur tvenna tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. MYND/ERNIR

fram í Fríkirkjunni í Reykjavík dagana 9. og 10. nóvember en þar fá áhorfendur m.a. að heyrja mörg ný lög af væntanlegri plötu hans. „Ég mun koma þar fram ásamt Júlíusi Róbertssyni en við ætlum að spila flest lögin af nýju plötunni sem kemur út snemma á næsta ári. Tónleikarnir verða í stíl við Hring-sólstúrin sem ég fór í sumar, lágstemmdir og þægilegir, með okkur

» Við ætlum að spila flest lögin af nýju plötunni sem kemur út snemma á næsta ári.

tvo ásamt tveimur gitörum. Sennilega hendir maður einhverjum eldri lögum inn á lagalistann líka en aðalfokusinn er nýju lögin.“

Annasamt ár

Undanfarið ár hefur verið annasamt hjá Ásgeiri Trausta. Í upphafi árs kláraði hann tónleikaferðalag í tengslum við plötuna Afterglow sem kom út í fyrra og hóf strax í kjölfarið að semja efni fyrir næstu plötu. „Ég lokaði mig af í sumar-bústað í nokkrar vikur til að semja og þegar því ferli lauk þá fór ég í skiðaferðalag til Austurríkis í nokkra daga. Eftir heimkomuna hófust upptökur í stúdíóinu þannig að árið hefur mestmegnis farið í gerð nýju plötunnar.“

Sérstakur viðburður

Után tónleikanna í Fríkirkjunni stendur hann fyrir viðburði í stúdíóinu Hljóðrita sem ber heitið Straight to Vinyl. Þar munu átta ólíkir listamenn halda stutta óformlega tónleika, eða taka upp 1-2 lög, sem verða gefin strax út á einni vínplötu. Einn heppinn gestur fær plötuna að gjöf eftir hverja tónleika sem mun innihalda eitt lag á hvorri hlíð. „Það sem gerir þetta sérstakt er að það verður þá aðeins eitt eintak til af hverjum tónleikum og einhver

heppinn áhorfandi fær svo að taka það með sér heim. Þetta verða því ekki hefðbundnir tónleikar sem slíkir heldur byðst þeim að halda hér stutta tónleika eða taka bara upp eitt eða tvö lög, það fer bara eftir fílingnum.“

Ekkert sérstakt þema

Eins og fyrr segir kemur ný plata út snemma á næsta ári en hann segir Hljóðheimi hennar svipa til þess sem hann var að gera á fyrstu plötu sinni, Dýrd í dauðaþögn, sem kom út árið 2012. „Flest lögin eru drifin af kassagítar og píanó, minna af synthum og elektróník. Þælingin í byrjun var að gera lágstemmda kassagítarplötu en það var bara ekki nógu skemmtilegt þannig að platan endaði á að fara í margar áttir. Textarnir eru bæði á íslensku og ensku og verða því gefnar út tveir útgáfur, önnur á íslensku en hin á ensku. Það er því ekki víst að það verði nákvæmlega sömu lögin á báðum útgáfum. Textana vann ég með þá bábba mínum, Einari Georg, og Júlíusi Róbertssyni en umfjöllunarefni þeirra fara líka í margar áttir eins og lögin. Því er erfitt að segja að það sé eitthvert sérstakt þema í gangi. Stefnan er sett á útgáfu snemma á næsta ári en ekki er enn kominn útgáfudagur.“

Frábært að það sé loksins jafnt kynjahlutfall á Airwaves

Briet er átján ára söngkona og risandi stjarna á íslenskum tónlistarhimni. Hún gaf út sitt fyrsta lag, In Too Deep, í janúar síðastliðnum en lagið hlaut feykilega góðar viðtökur bæði hérlendis og erlendis. Briet hlakkar til að taka þátt í Airwaves en hún kemur nú fram þar í fyrsta sinn.

Briet verður mjög upptekin á Airwaves. „Ég verð á fimmtudaginn í Stúdentakjallaranum og svo um kvöldið á Listasafninu og svo verð ég á laugardegnum bæði í Landsbankanum og Sundhöll Reykjavíkur.“ segir hún og lofar sjónrænni ekki síður en hljóðrænni upplifun, sérstaklega á Listasafninu. „Þar verð ég með flottar myndskreytingar sem verða svoltið aðalatriðið og þar verða spiluð ný lög sem eru ekki komin út svo ég er spennit fyrir því. Ég verð bara ein, það verður engin hljómsveit eða þannig.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Briet kemur fram á Airwaves en í fyrra fór hún á nokkra tónleika. „Ég var nýbúið að kynna kærastanum mínum og hann náði að redda mér miða með því að klippa armband af bróður sínum sem hafði keypt armband en komst ekki. Og við límdum það á mig sem er auðvitað harðbannað.“ segir Briet, en mælir ekki með þessari aðferð. „Við náðum að sjá eitthvað áður en armbandið var tekið af mér og ég komst ekki lengra og náði ekki að sjá það sem mig langaði mest að sjá. Svo ég var frekar fúl. Eg mæli ekki með þessu, betra bara að kaupa miða.“

Hún er mjög spennit fyrir því að

koma fram á Airwaves. „Mér hefur alltaf fundist þetta mjög flott og allt í kringum það. Þú ert kannski inni á einhverjum stað og allt í einu byrjar einhver að spila sem getur breytt lífi þínu. Og það er bara geggið því þú ert kannski ekki með allt skipulagt heldur bara nokkrir sem þig langar að sjá en svo er kannski einhver á undan eða eftir sem þú hafðir aldrei séð áður. Ég man til dæmis að ég fór í fyrra inn á bókasafn og bjóst við rólegheitum en þá var þungarokks-hljómsveit þar og geðveik læti og mér brá svoltið en svo var það mjög gaman.“


Hún er ánægð með fleira á Airwaves í ár. „Mér finnst merkilegt og frábært að þetta er í fyrsta skipti sem er jafnt kynjahlutfall þó það sé sorglegt að það sé að gerast fyrst núna.“

Briet sendi frá sér nýtt lag í gær. „Þetta lag hefur verið til í svoltinn tíma og ég er ótrúlega spennit að gefa það út því þetta er lag sem hefur persónulega merkingu fyrir mig.“ segir hún. „Þetta er dúett með Steinar og ég er mjög spennit að fá viðbrögð því það er svoltið ódúruvisi en það sem ég hef gert áður.“ Nýja lagið er hægt að finna á Spotify og auðvitað er líka hægt að heyrja Brieti sjálfa flytja það á Airwaves.



Briet leggur mikið upp úr því sjónræna þegar hún kemur fram og mega áhorfendur bjást við skrautlegu sjónarspili þegar hún kemur fram í Listasafninu á fimmtudaginn.

Þú ert kannski inni á einhverjum stað og allt í einu byrjar einhver að spila sem getur breytt lífi þínu.



STUÐNINGUR FRÁ UPPHAFI

Icelandair hefur verið stoltur styrktaraðili Iceland Airwaves í 20 ár og þannig lagt sitt af mörkum við að auðga íslenskt menningarlíf. Annað árið í röð verður Listasafn Reykjavíkur tónleikastaður Icelandair og hlökkum við til að taka á móti hátiðargestum. Icelandair hefur jafnrétti að leidarljósi og við fögnum því jöfnu kynjahlutfalli listafólksins sem fram kemur í ár. Góða skemmtun.

Airwaves á sér sérstakan stað

Nýjasta plata Ólafs Arnalds kom út í ágúst og hefur fengið góðar viðtökur. Lögin á henni verða í forgrunni tónleika hans í Þjóðleikhúsinu á fimmtudag og föstudag.

Eins og flestir, ef ekki allir, íslenskir tónlistarmenn hlakkar Ólafur Arnalds mjög til að koma fram á Iceland Airwaves í næstu viku enda þá orðin þrjú ár síðan hann spilaði síðast undir eigin nafni hér á landi. „Ég held að ég geti nokkurn veginn fullyrst að Iceland Airwaves eigi sérstakan stað í hjarta allra íslenskra tónlistarmanna. Tíminn til undirbúnings er hins vegar knappari en á öðrum tónleikum, svo það þarf að passa sig að reyna ekki að gera of mikið. Það er orðið ansi langt síðan ég hef sjálfur haldið tónleika hér á landi en það var einmitt á Iceland Airwaves árið 2015. Reyndar spilaði ég með techno-bandinu mínu Kíasmós rétt eftir áramótin hér heima en óhætt er að segja að tónleikarnir í næstu viku verði ódruvisi.“

Tvennir tónleikar

Ólafur kemur fram á tvennum tónleikum á hátíðinni, á fimmtu-

„Það er orðið ansi langt síðan ég hef sjálfur haldið tónleika hér á landi.“

dag og föstudag, og eru þeir hvorir tveggja í Þjóðleikhúsinu og hefjast á miðnætti. „Meginuppistaðan í dagskránni verða lög af nýjustu plötu minni, re:member, sem kom út í lok sumars en ég mun líka flytja nokkur eldri lög í bland við þau nýju.“ Re:member hefur fengið mjög góðar viðtökur heima og erlendis, bæði hjá aðdáendum og gagnrýndum.

Hlaðinn verkefnum

Ólafur hefur svo sannarlega ekki setið auðum höndum síðan 2015. Árið 2016 gaf hann út plötuna Island Songs en við gerð hennar ferðuðust hann og Baldvin Zleikstjóri til sjö mismunandi staða á

Íslandi þar sem Ólafur vann með sjö ólíkum listamönnum og Baldvin tók upp myndbönd við lögin sjö. Einnig samdi hann tónlist við sjónvarpsþættina Broadchurch eins og frægt er orðið en fyrir hana hlaut hann hin virtu BAFTA-sjónvarpsverðlaun. Ólafur kom einnig að tónlistinni í þáttunum Electric Dreams sem byggðir eru á verkum rithöfundarins Philips K. Dick.

Langur túr fram undan

Fyrri hluti árs fór í gerð og upptöku re:member og segist Ólafur hafa eytt stærstum hluta þess tíma einn í stúdíóinu. „Núna er ég hins vegar að byrja tónleikaferðalag sem klárast einhvern tímann í lok næsta árs. Fyrsta hlutanum er að ljúka núna í þessum töluðu orðum og við komum beint á Airwaves. Eftir tónleikana í næstu viku förum við beint til Bandaríkjanna á stuttan túr og þaðan til Austurálfarinnar. Svo endum við árið á að flytja stóru útgáfa af



„Eftir tónleikana í næstu viku förum við beint til Bandaríkjanna á stuttan túr og þaðan til Austurálfarinnar.“ segir Ólafur Arnalds. MYND: ÓLAFUR ARNALDS

„sjóvinu“ heim til Íslands og stillum upp fyrir tónleika í stóra salnum í Hörpu.“

Vegna mikilla anna undanfarið segist Ólafur ekki hafa gefið sér tíma til að kynna sér nægilega vel dagskrá hátíðarinnar. „Ef ég á að vera alveg

hrein skilinn þá hef ég ekki náð að skoða dagskrána nógu vel enda er ég búinn að vera á tónleikaferðalagi síðan um miðjan september. En ég er þó mjög hrifinn af Aurora og Blood Orange svo ég nefni nokkra sem koma fram á Airwaves í ár.“

STOLTUR STYRKJARADILI

CENTERHOTELS

BÝÐUR UPP Á ICELAND AIRWAVES OFF-VENUE TÓNLEIKA

fimmtudag 8. nóvember	föstudag 9. nóvember	laugardag 10. nóvember
16:00 ARON BIRKIR	16:30 MILL	16:00 FEBRÚAR
17:00 VIO	17:30 ARI ÁRELÍUS	17:00 MIMRA
18:00 STAFRÆNN HÁKON	18:30 VAR	18:00 INGUNN HULD
ÍSAFOLD // CENTERHOTEL ÞINGHOLT Þingholtsstræti 5 101 Rvk. - 595 8535	JÖRGENSEN // CENTERHOTEL MIÐGARÐUR Laugavegur 120 105 Rvk. - 595 8565	SKÝ // CENTERHOTEL ARNARHVOLL Ingólfsstræti 1 101 Rvk. - 595 8545

ICELAND AIRWAVES

OFF-VENUE 2018

ICELANDAIR FOUNDING SPONSOR City of Reykjavík Heineken CINTAMANI TVG-ZIMSEN CENTER HOTELS Hertz

Happy Hour & freistandi tilboð!

centerhotels.com/airwaves

f #CENTERHOTELS



+

ICELAND
AIRWAVES

2018

Kælan Mikla

Huginn

Bríet

GDRN

Birnir

Between
Mountains

2017

2016

Auður

East of
My Youth

RuGI

Axel Flóvent

dj. flugvél
og geimskipHerra
Hnetusmjör

2015

2014

Júníus
Meyvant

Vök

Young Karin

Landsbankinn vill styðja við bakið á ungu og efnilegu tónlistarfólki. Undanfarin fimm ár höfum við styrkt Iceland Airwaves og unnið náðið með fimmtán glæsilegum listamönnum. Framtíð íslenskrar tónlistar er svo sannarlega björt.
www.landsbankinn.is/icelandairwaves

Off Venue - 8. nóvember
Stúdentakjallarinn

17.00 Huginn
17.30 Bríet
18.00 Kælan Mikla

Off Venue - 10. nóvember
Landsbankinn Austurstræti

15.30 Huginn
16.00 Bríet
16.30 Aron Can

FÓK

LAUGARDAGUR 3. NOVEMBER 2018

Helgin



Sniðugt er að nýta innvolsið úr graskerjunum í ýmsa rétti. Til dæmis kjúklingakarri. ➔6



Sigurför fyrir sjálfsmyndina

Í mars næstkomandi fara heimsleikar Special Olympics fram í Abú Dabí. Jónas Ingi Björnsson knattspyrnumaður tekur þátt í leikunum en móðir hans, Herdís Hreiðarsdóttir, er meðal fyrirlesara á ráðstefnunni „Sigurför fyrir sjálfsmyndina“.

Jónas Ingi Björnsson keppir í knattspyrnu á Special Olympics og Herdís Hreiðarsdóttir, móðir hans, fylgir honum sem klapplið á alla leiki. MYND: EYÞÓR



Við styðjum starf Special Olympics á Íslandi



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ





Jónas Ingi hefur verið valinn í knattspyrnulið Íslands á Special Olympics þrisvar sinnum og er nú á leið til Abú Dabí í vor.

Framhald af forsiðu →

Víð bjuggum í Bandaríkjunum þegar við gerðum okkur grein fyrir að hann var eitthvað öðruvísi," segir Herdís um Jónas Inga. „Hann á tveimur árum eldri systur sem var fljót til að læra en hann var seinn til og við fundum strax að það var eitthvað ekki eins og það átti að vera.“ Jónas fékk ekki greiningu úti en þegar hann var fimm ára og fjölskyldan flutti heim var hann greindur með

óðæmigerða einhverfu. „Hann talaði mjög lítið og átti erfitt með skapið en var mjög kraftmikill og fjórugur svo okkur fannst kjörið að senda hann í íþróttir hjá Íþróttafélaginu Ösp sem er íþróttafélag án aðgreiningar. Okkur fannst líklegra að hann myndi spjara sig betur í einstaklingsíþrótt þar sem hann þyrfti ekki að taka tillit til annarra svo hann fór að æfa sund.“

Fljótlega fékk Jónas þó áhuga á fótbolta og hann byrjaði að æfa fótbolta með Öspinni um tíu ára aldur. „Við prófuðum fyrst að

senda hann í almennt félag en það hentaði honum ekki, hann var orðinn svo stór og þar eru gerðar svo miklar kröfur þegar krakkar eru komnir á þennan aldur.“ segir Herdís. „Þar snýst allt um sigur og að keppa og getuskiptingu sem eru ekki alveg sömu gildin og hjá Öspinni. Hann hefur spilað þar síðan undir stjórn þjálfarans Darra McMahon sem er alveg einstakur.“

Þegar Jónas var fimmtán ára fékk hann boð um að keppa á Evrópuleikum Special Olympics í Belgíu sem var hans fyrsta stóra mót. „Það

» Áætlað er að Special Olympics verði stærsti íþróttaviðburður heims árið 2019. Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi senda 38 keppendur í 10 íþróttagreinum.

einhverfa strákinn minn taka þátt í hópíþrótt og vera hluta af liði.“

Hún nefnir einnig hvað það er dýrmtætt fyrir Jónas Inga félagslega að taka þátt í Special Olympics. „Þó honum hafi liðið ágætlega í skóla án aðgreiningar og vel haldið utan um hann þá er hann þar ekki á jafnréttisgrundvelli. En á Special Olympics eru allir á jafningja-grundvelli þar sem leikarnir eru þannig uppbyggðir að fyrst eru æfingaleikir og svo raðað í lið eftir getu. Þar getur hann látið ljós sitt skína og skarað fram úr.“

er ekki margir sem æfa fótbolta fyrir fatlaða á Íslandi og því eru ekki mörg tækifæri til að keppa á Íslandi.“ segir Herdís. „Þess vegna var það frábært tækifæri og mikill heiður fyrir 16 ára ungling að vera valinn í landslið Íslands í fótbolta. Ekki í A-landsliðið en landslið var það samt.“

Foreldrar Jónasar fóru með út en hann dvaldi í sérstöku keppendaþorpi leikanna og hitti þau aðeins kringum leiki. „Það var erfitt að sleppa hendinni af honum því hann var með þeim yngstu. En ég gleymi aldrei hvað ég var stolt. Eg hefði aldrei trúað að ég myndi sjá

Ári síðar var Jónasi boðið að taka þátt í heimsleikum Special Olympics í Los Angeles. „Þá fórum við systir hans með sem klapplið.“ segir Herdís og bætir við: „Þar var mikil harka og mömmunni var nóg um en þeir stóðu sig með þryði og enduðu í fjórða sæti. Hann var ekki allveg sáttur við það en stærsti lærdómurinn er að þó að þú tapir leik þá er það bara að halda áfram, eins og fyrirmyndirnar í A-landsliðinu.“

